



Ólafur verður í aðalhlutverkinu í Rigoletto eftir Verdi.

## Rigoletto í Óperunni

Óperan sem Íslenska óperan færir upp á komandi haustmisseri er Rigoletto eftir Giuseppe Verdi. Þetta áhrifamikla og hádramatíska meistaraverk er ein af þekktustu óperum sögunnar og er reglulega færð upp í flestum óperuhúsum veraldar. Í verkinu koma saman ástir, valdabarátta og örlög í æsispennandi fléttu, sem römmuð er inn af hrífandi tónlist meistarara Verdi og inniheldur meðal annars hinar þekktu aríur „La donna e mobile“ og „Questa o Quella“ að ógleymdum kvartettinum „Bella figlia dell'amore“.

Það er Ólafur Kjartan Sigurðarson sem fer með hlutverk Rigoletto, Jóhann Friðgeir Valdimarsson leikur Hertogann af Mantua, Þóra Einarsdóttir er Gilda, Jóhann Smári Sævarsson kemur fram sem Sparafucile, Sesselja Kristjánsdóttir sem Maddalena, Bergþór Pálsson sem Monterone og Bylgja Dís Gunnarsdóttir sem Giovanna. Alls eru sex sýningar ráðgerðar á verkinu og verður frumsýning 9. október.

## Eftirlifendur ragnaraka



Emil Hjörvar Petersen hefur gefið úr bókina Saga eftirlifenda – Höður og Baldur.

Bókin Saga eftirlifenda – Höður og Baldur eftir Emil Hjörvar Petersen er komin út hjá Nykri og er þetta fyrsta bókin í þrjúleik. Þetta er viðamikil saga sem sameinar margar greinar skáldsagnagerðar svo úr

verður nýstárlegt verk. Sögunni er lýst sem spennandi fantasíuþrylli, tilvistarlegri en gjarnan skoplegri frásögn af bræðrum og ádeilukenndri lýsingu á stöðu manna, vætta og goða í heimi átaka og blekkinga. Rétt rúmlega sjö þúsund ár hafa liðið frá hörmungunum og sögusviðið er hliðstæður tími og er nú til dags. Aðalpersónurnar eru bræðurnir Höður og Baldur.

Emil Hjörvar, fæddur 1984, hefur undanfarið getið sér gott orð sem ljóðskáld. Hann hefur gefið út tvær ljóðabækur, Refur og Gárungagap sem hafa fengið góðar viðtökur.

## Auga fyrir auga lýkur

Sýningunni Annað auga lýkur á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Þar eru til sýnis um sextíu ljósmyndaverk eftir marga af eftirsóttustu listamönnum samtímans á veraldarvísu en verkin eru öll í eigu listaverkasafnaranna Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Safneign þeirra telur um eitt þúsund verk, sem

er ein stærsta einkasafneign á Íslandi. Sýningin var á dagsskrá Listahátíðar í Reykjavík 2010. Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir.

Sýningunni Annað auga lýkur á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Um sextíu ljósmyndaverk eru þar til sýnis.



# SKÓLAVÖRUR

IÐA

Pennaveski fyllt verð frá 799.- Blýantur verð frá 20.- Límstifti verð frá 95.- Skrufblýantur verð frá 99.- Milliblöð verð frá 345.- Plaströppur verð frá 79.- Gráðubogi verð frá 145.- Reglustika verð frá 75.-	Skæri verð frá 299.- Trélitir verð frá 385.- Yddari með boxi verð frá 150.- Strokleður verð frá 50.- Teygjumappa verð frá 270.- Reikningsbók A4 verð frá 339.- Stílabók A4 verð frá 339.- Reikningsbók A5 verð frá 265.-	Stílabók A5 verð frá 265.- Fagbók verð frá 694.- Bréfabindi 4 hr verð frá 399.- Vasareiknivél verð frá 799.- Skólataska verð frá 1.490.- Línustrikuð gormaA4 80 bls verð frá 370.- Rúðustrikuð gormaA5 80 bls verð frá 365.- Áherslupenni verð frá 50.-
--	---	--

Lækjargata 2a 101 R.sími 5115001 opiða alla daga 9 til 22